

Myndlistarráð Fundur nr. 18/2024

Fimmtudaginn 22. mars, kl. 15:00
Gimli, Lækjargata 3, 101 Reykjavík

Mættir eru: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir, (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM), Hlynur Helgason (SÍM) og Tinna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri MM.

Fundardagskrá:

- Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð nr. 17, frá 15. febrúar 2024 samþykkt.
- Afgreiðsla á fyrri úthlutun myndlistarsjóðs 2024
 - Matsnefndir hafa lokið störfum.
 - Fulltrúar myndlistarráðs í matsnefndum voru: Anna Jóhannsdóttir, Margrét Elísabet Ólafsdóttir, Katrín Elvarsdóttir og Hlynur Helgason. Aðrir nefndarmenn voru Bryndís Erla Hjálmarsdóttir og Viktor Pétur Hannesson.
 - Niðurstöður matsnefndar fyrir undirbúningsstyrki kynntar. Alls bárust 47 umsóknir fyrir og sótt var um fyrir samtals 42.900.000 kr. Matsnefnd leggur til að átta verkefni hljóti undirbúningsstyrk fyrir alls 5.500.000 kr.
 - Niðurstöður matsnefndar fyrir útgáfa-, rannsóknar- og aðrir styrkir kynntar. Alls bárust 52 umsóknir og sótt var um fyrir samtals 69.300.000 kr. Matsnefnd leggur til að 10 verkefni hljóti styrki fyrir alls 9.500.000 kr.
 - Niðurstöður matsnefndar fyrir sýningarverkefni kynntar. Alls bárust 181 umsóknir og sótt var um fyrir samtals 185.900.000 kr. Matsnefnd leggur til að 45 sýningarverkefni hljóti styrk fyrir alls 25.800.000 kr.

Samtölur – myndlistarsjóður fyrri umsóknarlota 2024

Árangurshlutfall

| Fj. umsókna | Flokkar | Samtals sótt um | % | Styrkhafar | Úthlutað | % | Upphæðir | Umsóknir |
|-------------|---------------------------------------|--------------------|-------------|------------|-------------------|-------------|------------|------------|
| 52 | Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir | 69.300.000 | 23% | 10 | 9.500.000 | 23% | 14% | 19% |
| 47 | Undirbúningsstyrkir | 42.900.000 | 14% | 8 | 5.500.000 | 13% | 13% | 17% |
| 181 | Sýningarverkefni | 185.900.000 | 62% | 45 | 25.800.000 | 63% | 14% | 25% |
| 280 | | 298.100.000 | 100% | 63 | 40.800.000 | 100% | 14% | 23% |

- Myndlistaráð samþykkir niðurstöður matsnefnda og úthlutar 40.800.000 kr í fyrri úthlutun 2024.
 - Rætt um lagfæringar á umsóknareyðublaði. Setja þarf inn í leiðbeiningar um að umsækjandi tilgreini upphæðir styrkja í mótframlagi og einfalda liðinn þar sem umsækjandi er beðinn um að greina frá hvort hann/hún/hán sé á starfslaunum á meðan á verkefninu stendur. Einnig má ítreka að æskilegt sé að senda ítarlegri kostnaðaráætlun með umsókn.
- Fjárlög 2024
 - Erindi frá menningar- og viðskiptaráðuneytinu varðandi hækkun myndlistarsjóðs 2024 lagt fram til kynningar.

- Sjóðurinn hækkar um 28 m. kr. Sú hækkun er ætluð til að koma annarsvegar til móts við aðgerð 8, þar af 7 m.kr. fyrir myndlistahátíðir og vinnustofur, og hinsvegar við aðgerð 16 í myndlistarstefnunni, þar af 21 m.kr. í almenn hækkun á framlagi í sjóðinn.
 - Erindið rætt í samhengi við stefnu sjóðsins.
4. Úthlutunarahöfn myndlistarsjóðs
- Úthlutunarahöfn fyrir myndlistarsjóð verður haldin í fyrsta skipti síðan 2018 þann 4. apríl í Lestrarsal Safnahúsins, Hverfisgötu.
 - Ráðherra hefur boðað komu.
 - Rætt um skipulag og kostnað.
5. Íslensku myndlistarverðlaunin 2024
- Endurgjöf hefur verið góð og Almennt þótti athöfnin hafa tekist vel til.
 - Uppgjör er ekki tilbúið og Tinna mun kynna skilakýrslu á næsta fundi.
 - Rætt um fjölmiðlaumfjöllun og mögulega stuðningaðila
6. Innsend erindi
- Bréf frá Ólöfu Nordal: Erindi rætt. Myndlistarráð telur málið afgreitt og ekki þörf á nánari eftirfylgni.
 - Bréf frá Kling & Bang: Erindi rætt. Markmiðið með tilmælum var fyrst og fremst að koma í veg fyrir að matsnefndir þyrftu að fjalla um sama mál tvisvar sinnum. Myndlistarráð telur nálgun Kling & Bang fullnægjandi og þau geti sótt um styrk í myndlistarsjóð með þessum hætti.
 - Erindi varðandi stuðningsyfirlýsingu við Safnasafnið: Erindi rætt. Safnasafnið hefur margoft í gegnum árin hlotið styrki úr myndlistarsjóði fyrir faglegum verkefnum. Ákveðið að skrifa stuðningsyfirlýsingu fyrir safnið.
7. Lagafrumvarp um að 14 gr. myndlistarlaga
- Umræður. Ekki tekin ákvörðun um aðgerðir að hálfu myndlistarráðs að svo stöddu.
8. Önnur mál
- Breyting á lögum um listamannalaun í samráðsgátt. Umræður.

Fundi slitið 17:45

Næsti fundur haldinn fimmtudaginn 11. apríl 2024 kl. 15:00.